

**Nd.**

**132. Frumvarp**

til laga um sundhöll í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. Nd.).

1. gr.

Alþingi heimilar landsstjórninni að leggja alt að 100 þús. kr., móti jafnmiklu framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur, til að byggja sundhöll í Reykjavík, er sje fullbúin til afnota vorið 1930, með þeim skilyrðum, sem hjer segir:

- a. Að Reykjavíkurbær leggi sundhöllinni til ókeypis heppilega lóð nærri hinum nýja barnaskóla bæjarins og heitt laugavatn, eftir að það hefir gengið gegnum hitaleiðslur þess skóla.
- b. Að ráðuneytið samþykki uppdrátt og lýsingu af sundhöllinni og legu hennar, enda sje hún eign bæjarfjelagsins.
- c. Að nemendur úr skólum, sem landið kostar að meira eða minna leyti, í Reykjavík, fái ókeypis aðgang til æfinga í sundhöllinni, eftir nánara samkomulagi milli bæjarstjórnar og stjórnar landsins.

- d. Að Reykjavíkurbær kosti viðhald og rekstur sundhallarinnar, en selji þó ekki almenningi aðgang dýrari en þarf til að fyrirtækið beri sig. Ráðuneytið ákveður aðgangseyrinn til eins árs í senn, að fengnum tillögum bæjarstjórnarinnar.